DAGBLAÐIÐ& VlSIR. FIMMTUDAGUR 18. MARZ 1982.

Neytendur Neytendur Neytendur Neytendur Neytendur

TEPPISAUMUD

ÚR TAUBÚTUM

sem síðan eru stoppuð upp
Verslunin Virka sf. hefur um
Iveggja ára skeið haldið námskeið í
bútasaumi. Algengast er að nem-
endur saumi teppi á einu námskeiði,
sem varir í sex vikur, þrjá tíma í senn.
Farið er í gegn um grundvallaratriði,
nemendur gera prufur af algengustu
mynstrunum. Prufurnar eru það
stórar að þær er hægt að nýta i púða
eða að útbúa fleiri prufur sem síðar
er hægt að sauma saman í teppi.
Námskeiðin eru öll kvöld frá
mánudegi til fimmtudags frá kl. 20—
23, einnig á mánudögum og fimmtu-
dögum frákl. 17—20. Eftirmiðdags-
námskeið kosta 450 kr. en kvöldnám-
skeið kr. 500.
Helgi Þór Axelsson og Guðfinna
Helgadóttir, eigendur Virku sf.,
fengu hingað til Iands Marti Michell,
en hún á eitt stærsta safn antik búta-
saumsteppa sem fyrir finnst. Hún
kom með um 40 teppi sem eru nú til
sýnis á Kjarvalsstöðum, ásamt vinnu
nemenda frá Virku. Á sýningunni
verður lítið vinnuhorn, þarsem gestir
geta lekið þátt í gerð bómullar-
myndaramma undir leiðsögn frú
Marti Michell eða Guðfinnu Helga-
dóttur sem kennir á námskeiðum hjá
Virku.

Klippum niður
ónýtar f líkur
Áður fyrr voru barnaföt saumuð
upp úr fötum fullorðinna og þegar
börnin höfðu slitið sínum, þá voru
heillegustu fletirnir klipptir út í búta
og þeim safnað saman til að búa til
teppi og aðra hluti. Þegar auðveldara
reyndist að fá bómull varð þetta
tómslundagaman eða list og hlutirnir
gjarnan notaðir til gjafa. Sauma-
skapur á þessum teppum er gömul
hefð en ávallt koma upp nýjar
hugmyndir og nú er mikið lagt upp úr
fallegum lilasamselningum sem hæfa
heimilunum.

í ver/.luninni Virku fást yfir 600
tegundir af efni sem er flutt inn frá
Bandaríkjunum. Ákveðinn þéttleiki
verður að vera á hvern fersentimetra,
svo vatlstungan haldi sér betur. Það
er þægilegt að kaupa kassa með til-

Á byrjendanámskeiðunum sem Virka heldnr er kennt að búa til púða, en marga
slíka búta mætti nota i eitt teppL Allt efni sem barf i púða fæst tilbúið i pakka og
kostar frá 80—160 krónur. Guðfinna Helgadóttir hefur lcrt bútasaum f Bandarfkjunum og kennt hér á nám-skeiðum. Teppið á myndinni er ef tir einn nemanda hennar.
DV-mynd Eiríkur Jónsson.

Þessir hlutir eru tilsniðnir i pökkum og kostar hver pakki um 120 krónur.

S mýs i kassa kosta 375 kronur og þrir ungar i pakka kosta um 90 krónur. Lítil
stykki sem á eftir aö sauma saman kosta frá 38 krónuin.
DV-myndir Ragnhildur Ragnars.

búnu efni sem þarf í eitt teppi. Kostar
efni í eitt tepi frá 500 krónum allt upp
í 900 krónur ef um tvlbreitt rúmteppi
er að ræða. Efnisstrangarnir eru 115

cm breiðir og kostar metrinn 44—50
krónur en vatterað efni 119 kr.
metrinn. Það er því hagstæðara að
kaupa efnið og klippa það niður

sjálfur ef hægt er að nýta af klippurn-
ar í aðra hluti. Ótal blöð og bækur,
sem sýna bútasaumsgerð, eru fáan-
legar. Þær eru á ensku og kosta frá

30—129 krónur. Það er vel reynandi
að vinna eftir þeim, einkum ef fólk
þekkir eitthvað til slíkrar handa-
vinnu.

11 tonn á viku af íslenzkum „f rönskum"

B0RGAR SIG AÐ FLYTJAINN

KARTÖFLUR TIL VINNSLU

„Þetta gengur alveg ljómandi vel
Við liuiiileiðum núna um 11 tonn á viku

og selium það nærri því allt saman,"
sagði Karl Gunnlaugsson kaupfélags-

stjori í Kaupfélagi Svalbarðseyrar.
Núna um mánaðamótin hafði kaup-
félagið búið til og selt „franskar
kartöflur" íeitt ár.

Ástæðan fyrir því að við höfðum
samband við Karl var að fyrir nokkru
kom fram í síðunni að fluttar væru inn
kartöflur til Svalbarðseyrar sem færu í
þessa framleiðslu. Lék okkur hugur á
því að vita hvort þetta borgaði sig
fremur en að flytja inn tilbúnar
„franskar".
,,Já, ég held að þetta borgi sig. Við
vinnum úr okkar kartöflum en urðum
að flytja inn til viðbótar vegna þess að
svo mikið fór undir snjó í görðunum í
haust,"sagði Karl.
Þeir Svalbarðseyringar hafa fyrst og
fremst verið að selja heimilunum
,,franskar kartöflur". Núna eru þeir

Við fáum ekki betur séð eftir mikla og
flókna útreikninga bæði á tölvu og blaði
en hvert mannsbarn borði 48 grömm af
islenzkum „frönskum kartöflum" á
hverri viku. DV-mynd Einar Ólason.

hins vegar að byrja að selja þær á veit-
ingahúsin. Þar er náttúrlega hinn stóri
markaður og önnur eins ókjör og við
kaupum af „frönskum" á veiting-
húsum.
Svalbarðseyringar annast sjálfir
dreifingu kartaflnanna um allt land ut-
an Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þar er
það Grænmetisverzlun landbúnaðarins
semdreifir.
Við spurðum Karl að lokum hvort
von væri á fjölbreyttari framleiðslu að
norðan, svo sem alveg tilbúnum
kartöfluflögum og öðru slíku
„snakki".
„Nei, það er allt önnur framleiðsla
sem krefst allt annars vélakosts. Við
erum eingöngu með vélar fyrir
„franskar" og förum ekki út í frekari
framleiðslu," sagði hann.
Þykkbæingar hyggjast hins vegar
fara að framleiða soðnar kartöflur i
bitum. Þá eru kartöflurnar hálfsoðnar,
pakkaðar í lofttæmdar umbúðir og
settar á markað. Þegar þær eru
keyptar síðan aðeins að bregða
þeim í pott. Erlendis njóta slíkar
kartöflur sivaxandi vinsælda eftir því
sem tími til heimilisstarfa minnkar.
-AS

Anægð
meðbók-

halds-

bókina
S.H.skrifar:
Beztu þakkir fyrir allt gamalt og
gott. Um leiö og ég þakka ykkur fyrir
heimilisdagbókina langar mig að
segja y kkur að ég er mjög ánægð með
uppsetningu hennar núna. Munar þar
öllu niðurröðun vikunnar á hverri
blaðsiðu.

Vinsamlegast reynið framvegis aö
gefa út nýja bók á réttum tíma. Það
munaði minnstu að allt bókhaldið
færi til rj... hjá rnér vegna þess hve
útkoma hennar dróst. Ég skrifa alla
eyðslu í bókina en nota síðan vegg-
spjaldið „spari'* og færi inn á það
allan mánuðinn í heild.

Svar:

Beztu þakkir fyrir bréfið og htý orö
í okkar garð. Útgáfustjórnin tekur
núna næstu daga ákyörðun um
! næstu heimilisdagbók þannig að ef
allt fer að óskum ætti hún að geta
komiðáréttumtíma.
DS